

Aðalfundur Meiðs haldinn 25. maí 2024 með fjarfundarformi. Í Skógargerði sátu Hermann Hermannson og Sigríður Guðmundsdóttir, Baldur Pálsson, Helgi Ómar Bragason, Dagný Sigurðardóttir, Silja Arnfinnsdóttir, Sólrún Víkingsdóttir og Björn Sveinsson.

Í fjarfundarsambandi voru:

Helgi Ómar Pálsson

Ívar Ásgeirsson

Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir

Hermann setti fund 11.05. Baldur Pálsson settur fundarstjóri og Björn Sveinsson fundarritari.

## Dagskrá:

Hermann formaður kynnti Baldur Pálsson sem fundarstjóra. Baldur setti fund og kynnti fyrsta lið.

### 1 Skýrsla stjórnar.

Hermann kynnti skýrslu stjórnar sem efnislega er svo hljóðandi:

Haldinn var einn bókaður fundur auk nokkurra sem voru óformlegir.

#### Framkvæmdir

Í vetur voru felld 4 tré í garðinum sunnan við hús (í samráði við garðyrkjufræðing) sem voru komin að hættumörkum og sá Gísli Skógar um fellingu.

Keypt var ný kommóða sem nú er í Baðstofunni.

Keypt leiktæki, key Krikket og snúningsbolti.

Sett var upp körfuboltakarfa og keyptur bolti og pumpa (því miður var karfan skemmd þannig að hún varð ónothæf). Búið að kaupa aðra sem bíður uppsetningar.

Keypt hengirúm.

#### Útleiga húss

Húsið var leigt út í 8 vikur og tvær helgar á tímabilinu.

Notkun á húsinu mætti vera meiri utan sumarmánaða.

#### Ritnefnd

Ekki hefur gengið eftir að vekja upp ritnefnd eins og Indriði hafði stungið uppá og hafði tilnefnt ritstjóra.

Gaman væri ef þetta tækist og hægt verði að bæta við fróðleik á heimasíðuna. Hvað þarf að gera til að vekja upp áhuga á skrifum?

#### Fyrirhugaðar framkvæmdir

1. Endurnýja gler í gluggum. Líklegur kostnaður með efni og vinnu er um 1600 þúsund.
2. Sett verður upp ný og sterkbyggðari körfuboltakarfa.

Endurnýja gamla trjagarðinn hennar Dagnýjar Pálsdóttur (sem er kominn að aldursmörkum) í samráði við garðyrkjufræðing og áhuga þeirra sem nú eru á þessum fundi. Legg til að skipuð verði nefnd til að sjá um þetta mál

Að lokinni kynningu á skýrslu stjórnar innti fundarstjóri eftir athugasemdum fundarmanna við skýrsluna. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar og hún því samþykkt.

## 2 Reikningar félagsins lagðir fram

HÓP kynnti endurskoðaða reikninga félagsins. Félagsgjöld skiluðu sér nokkuð vel og upphæð greiddra félagsgjalda 1 067 200 kr. Leigutekjur húss voru 443 600 og með fjármagnstekjum voru tekjur alls 624 497. Heildartekjur því 1 691 697.

Rekstrarkostnaður húss var 878 500 kr. Í viðhald og annað fóru 174 805. Heildargjöld því 1 053 305. Rekstrarárið skilar 638 392 kr. í plús. Eftir skammar umræður um reikninga voru þeir bornir til atkvæða og voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

## 3 Kosning skoðunarmanna reikninga

Tilnefndir eru Helgi Ómar Bragason og Ívar Ásgeirsson og þeir kosnir.

## 4 Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til óbreytt félagsgjöld. Samþykkt. Rætt um skráningu ættmenna og þeirra sem fá senda greiðsluseðla. Í upphafi var miðað við Skógargerðisbók. Hermann uppfærði ættartal 2017 og hefur haldið utanum skráningar en fer að gefast upp á því.

## 5 Ákvörðun leigugjalds húss

Stjórn telur ekki ástæðu til hækkunar leigugjalda. Leigugjald á húsi yfir sumarmánuði 49.600 kr/viku, 38.400 kr/viku utan sumartíma. Helgar utan sumartíma eru á kr. 18.800, stakir dagar en 10.400 kr/dag utan sumartíma. Tillaga stjórnar um óbreytt leigugjöld samþykkt.

## 6 Umræður um lög félagsins

Stjórn er ekki með tillögur til lagabreytinga enda hefði þurft að senda út tillögur fyrir aðalfund. Formaður hvatti fundarmenn til að kynna sér lög félagsins. Nokkur umræður um lög og sérkennileika þeirra, meðal annars um ættarráð.

## 7 Kosning nefnda

Formaður leggur til að komið verði á fót nefnd eða framkvæmdahóp um framkvæmdir á lóð hússins. Stungið upp á Sigríði Dagnýju og gengu Silja og Sólrún strax til liðs við hana. Baldur taldi ótækt annað en að hann gengi í hópinn einnig.

Ritnefnd hefur verið róleg. Í húsnefnd eru Dagný Sigurðardóttir og hefur hún séð um skráningar og umsýslu húsleigu, í húsnefnd er og Björn Sveinsson. Engar breytingar á nefndarfyrirkomulagi ákveðnar á fundinum.

## 8 Önnur mál

Ívar kom með ábendingu um að setja inn á heimasíðu hvaða tími væri laus í húsinu. Fram kom í umræðum á fundinum að húsið er fullbókað í júlí og fram í miðjan ágúst.

Fundi slitið 11.40

Formaður þakkaði fundarmönnum fundarsetuna.